

Breiðdalshreppur  
Selnesi 25  
760 Breiðalsvík

Reykjavík 15. nóvember 2018  
UST201803-012/F.Á.T.  
08.14.02

**Efni: Málslok – urðunarstaður Breiðdalshrepps að Heydalamelum**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 30. október 2018 þar sem áformað var að áminna Breiðdalshrepp vegna tveggja frávika. Þann 9. nóvember sendi rekstraraðili úrbótaáætlun til stofnunarinnar ásamt niðurstöðum mælinga frá því í júní sl.

**Frávikan voru eftirfarandi:**

1. **Sbr. lið B í fylgiskjali með reglugerð 769/1999.** Í niðurstöðum mælinga frá 6. september 2017 mældist blý í grunnvatni  $60,7 \mu\text{g/l}$ . Í lið B í fylgiskjali með reglugerð 769/1999 eru umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni og kemur fram að gildi fyrir blý yfir  $15 \mu\text{g/l}$  séu ávallt ófullnægjandi ástand vatns fyrir lífríki. Blý í grunnvatni á urðunarstað á Heydalamelum er því yfir umhverfismörkum. Umhverfisstofnun barst tölvupóstur þann 6. mars 2018, þar sem fram kom að nýtt sýni yrði tekið. Niðurstöður úr mælingu sem gerð var 25. júní 2018 hafa borist stofnuninni. Fylgst verður áfram með blýmagni í grunnvatni með áframhaldandi vöktun í gegnum lokunarfyrirmæli.
2. **6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 skal allur atvinnurekstur sem hefur í för með sér mengun, hafa gilt starfsleyfi. Rekstraraðili er ekki með gilt starfsleyfi. Þann 20. apríl 2018 sótti rekstraraðili um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Þann 15. ágúst sl. var umsókn rekstraraðila hafnað. Rekstraraðili hafði ekki sótt um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar, né óskað eftir lokunarfyrirmælum vegna urðunarstaðarins. Stofnuninni barst lokunaráætlun frá rekstraraðila þann 9. nóvember sl. Stofnunin mun vinna að lokunarfyrirmælum vegna lokunar urðunarstaðarins að Heydalamelum.


**Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar og verður frávikunum því ekki fylgt frekar eftir að sinni.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 118.932 kr.**

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst

  
Frigg Thorslaci  
Frigg Thorslaci  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands